

115. Þingflokksfundur, mánudaginn 1. júní kl. 13.00.

Fundinn sitja: Alla, Birgitta, Helgi Hrafn og Jón Þór.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fulltrúar frá Þjóðareign - gestir

Á fund þingflokksins komu fulltrúar frá þjóðareign.is og ræddu við þingmenn um stöðu makrílfrumvarpsins.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Helgi Hrafn brífaði af stuttum fundi þingflokksformanna. Annar fundur verður í dag kl. 16 með formönnum flokka. Áætlað er að formenn og þingflokksformenn minnihlutaflokka ræði saman fyrir fundinn.

3. Dagskráin í dag

Þingflokkurinn fór yfir dagskrána í dag en mörg mál eru til umræðu.

4. Bréf úr nefndum

Helgi gerði þingflokknum grein fyrir stöðu höfundalagafrumvarpa í allsherjar- og menntamálanefnd. Of stuttur frestur var gefin fyrir umsagnir að mati viðstaddra. Helgi gerði þingflokknum grein fyrir stöðu máls síns um afnám refsinga við guðlasti, en málið er enn í nefnd. Jón Þór gerði þingflokknum grein fyrir breytingartillögu um frumvarp um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, sem er til umfjöllunnar í efnahags- og viðskiptanefnd. Tillagan kveður á um að málið byrji í fjármálaeftirlitinu.

5. Samráðsfundur í kvöld

Miklar annir eru hjá þingmönnum, Birgitta og Helgi komast ekki en Jón fer ef þess er þörf. Fundir án þingmanna eru óumflýjanlegir þessa daganna.

6. Þingmálalesturshópur um EES mál

Þetta þarf að setja í ferli þegar réttur tími gefst.

7. Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BJ)

EES mál sem Birgitta fékk sent í utanríkismálanefnd þarfnast skoðunar.

8. Önnur mál

Alla vakti athygli á tillögu frá Smára. Smári talaði við Juliu á Evrópuþinginu um stöðu Íslands hjá ESB og Birgitta nefndi möguleikana á því að hún myndi spyrja um IMMI. Þingflokkurinn fer í myndatöku fyrir Stundina kl. 17.30. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.40.